

Kjötneysla hefur neikvæð áhrif á umhverfið

18. Maí 2020

Hlýnun jarðar er orðið alþjóðlegt vandamál, sem að vondandi flestir hafa tekið eftir. Skyndileg aukning í losun gróðurhúsalofttegunda er ástæðan fyrir þessari nýlegu aukningu á hitastigi jarðar.

Hitastig jarðar hefur farið upp og niður síðan byrjun mannkyns, en síðan að iðnaðaröldin byrjaði hefur meðal hitastigið hækkað um u.þ.b. 1.2 gráður. Hlýnun jarðar er um tíu sinnum hraðari en á seinustu fimm þúsund árum fyrir iðnaðaröld, og fer því miður bara hækkanði.



Eldarnir í Ástralíu komu í kjölfar mikilli þurrka og mikils hita í landinu sem tengjast hlýnun jarðar.

Kjötneysla mun koma til með að aukast eftir því sem fólksfjöldi og velmegun eykst og er það eitt stærsta áhyggjuefni umhverfisinnna nú til dags. Samkvæmt rannsókn frá prófessor í faraldsfræði frá Oxford sem var birt í Sciencemag vísindablaðinu segir hann að ekki sé vitað hvernig hægt væri að sjá fólki fyrir kjöti án þess að fara verr með umhverfið en er gert nú.

Rannsóknir sýna að á síðustu árum hafi kjötiðnaðurinn verið ein af helstu orsökum fyrir hlýnun jarðar. Samkvæmt Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna er framleiðsla á dýraafurðum ábyrg fyrir um 14,5% af heildar útblæstri gróðurhúsalofttegunda heimsins. Það er talið vera meira magn af gróðurhúsalofttegundum en allar samgöngur heims losa.



Dæmigerður búgarður

Þið eruð kannski að spyrja ykkur, hvað veldur því að kjötneysla losi svona mikið af gróðurhúsalofttegundum og er svona vond fyrir heilsu jarðarinnar. Svarið er afar einfalt, dýrin þurfa of mikið af auðlindum og það þarf að flytja þessar auðlindir á milli staða. Eitt kíló af nautakjöti þarfnast um 10kg af fódri og á milli 5000-20000 lítra af vatni. Þar er talið með vatnið sem fer í fódrið.



Soja bauna framleiðsla. 70% af öllum framleiddum sojabönum fara í fódur fyrir kjötframleiðslu.

Það er nánast enginn lausn við kjötneyslu vegna þess að það er mjög óraunhæft að fá alla í heiminum til þess að hætta að borða kjöt, nánast eina sem hægt er að gera er að minnka kjötneyslu. Leiðir til þess að minnka kjötneyslu sína gætu meðal annars verið að skipta yfir á vegan, vegeterian eða peskiterian fæði. Sem hefur ekki bara góð áhrif á náttúruna en líka góða áhrif á okkur sjálf.



Það er mun betra fyrir umhverfið að gerast vegan

Kjötneysla hefur neikvæð áhrif á umhverfið

18. Maí 2020
